

Ingimundur K. Guðmundsson fulltrúi

Engin blóm á borðum sjúklinga á geðdeild

„Ég kynntist konunni minni á balli fyrir fimm árum og sá ekkert óvenjulegt í fari hennar, enda eðlilegasta manneskja sem ég þekki milli veikindakastanna. Hún sagði mér fljótlega að hún hefði verið afar erfiður unglingur, líklega með unglingaveikina svokölluðu á hæsta stigi. En hún var enginn unglingur lengur þannig að ég velti þessu ekki mikið fyrir mér. Ekki fyrr en hún heilsaði eitt sinn þjóðkunnum manni á förnum vegi, sem hún sagði að hefði verið starfsmaður á Kleppi, þar sem hún var sjúklingur, þegar hún var 18 ára.

Ég vissi lítið um geðsjúkdóma og taldi víst að hún hefði yfirstig- ið sjúkdóminn, en hún var greind með manískt þunglyndi, sem stundum er nefnt geðhvarfasýki eða oflæti. Allt lék í lyndi, við eignuðumst barn fyrir rúmum fjórum árum og vorum hamingju-

söm. Þegar barnið var um átta mánaða fór að síga á ógæfuhlið- ina. Ég taldi veikindin í fyrstu vera fæðingarþunglyndi, sem mér skildist að hrjáði margar konur eftir fæðingu. Smám sam- an versnaði ástandið og móðir mín gat talið hana á að fara á spítala þar sem hún var í einn og hálfan mánuð.

Frá því við kynntumst hefur hún fjórum sinnum verið lögð inn á geðdeild. Núna gerir hún sér oft sjálf grein fyrir hvenær lík- legast er að hún veikist. Slíkt virðist ráðast mikið af ytri að- stæðum; ef eitthvað mikið er í húfi, sem heilbrigðum finnst yfir- leitt afar léttvægt. Til dæmis veiktist hún rétt fyrir stórafmæli föður síns, en þá stóð mikið til og fjölskyldan var á kafi í undir- búningi. Sama var upp á teningn- um þegar við vorum að kaupa okkur íbúð. Flest sem er frá-

brugðið hversdags- leikanum virðist koma henni úr jafn- vægi. Við reynum því að hafa lífið í eins föstum skorðum og kostur er.

Í veikindunum er hún óstjórnlega glöð, hefur geysilega orku, sefur ekki á nóttunni, talar í síbylju, hefur átt til að vera eyðslu- söm og vill endilega fara út að skemmta sér. Allt fer út í öfg- ar. Alla jafna förum við ekki á skemmti- staði, en slíkt hefur

hent þegar hún er að veikjast. Mér líður hræðilega illa að horfa á fyrirganginn í henni. Ég held þó að þeir sem ekki þekkja hana haldi bara að hún sé svona fjörug og ef til vill léttkennd eins og hinir, en raunar bragðar hún sárasjaldan áfengi.

Konan mín var afburðanem- andi í grunnskóla en veiktist á fyrsta ári í menntaskóla og ekkert varð úr frekara námi. Þegar sjúkdómsins varð fyrst vart héldu foreldrar hennar að hún væri dauðadrukkin og fóru með hana í afvötnun á Landspítalann. Ég hef mætt miklum skilningi á



Ingimundur K. Guðmundsson

vinnustað mínum þegar ég hef þurft að taka mér frí vegna veikinda hennar. Þó finnst mér víða örula á fordómum. Til dæmis finnst mér umhugsun- arefni að sjúklingum á geðdeildum eru aldrei færð blóm eða eitthvað smáræði sem tíðkast að færa öðrum sjúklingum.

Við höfum verið mjög heppin með lækna og yfirleitt mætt skilningi hjúkr- unarfólks. Fjölskyld- ur okkar beggja hafa

veitt okkur mikinn stuðning og vinirnir hafa ekki fjarlægst okkur. Ég væri ekki hreinskilinn ef ég neitaði að stundum hafi hvarflað að mér að fara burt frá þessu öllu saman. Slíkar hugsanir sækja að í verstu köstunum, en líða fljótt hjá. Ég er bjartsýnn á framtíðina og vona að sjúkdóm- urinn dvíni með árunum. Ég hef lesið ógrynnin öll um geðsjúkdóma og fæ mikinn styrk af starfi mínu í Geðhjálp og sambandi við fólk sem býr við svipaðar aðstæður og ég." ■

SJÁ NÆSTU SÍÐU: BRÓÐIR